



Njálurefillinn sex ára

Kátt saumafólk á 6 ára afmælinu. F.v.: Dieter, Gunnhildur, Sigurbjörg, systurnar Metta og Þórdís, Margrét, Lovísa, Helga og Steinunn.

Þann 2. febrúar sl. héldu kátir saumarar upp á 6 ára afmæli Njálurefilsins á Hvolsvelli. Afmælisfagnaðurinn hófst með snörpum saumaskap og síðan var haldin vegleg afmælisveisla með fínustu súpu og sætindum. Segja má að

vinnan við saumaskapinn sé á loka-metrunum. Búið er að sauma 75,70 metra að fullu og næstu 8 metram-ir eru langt komnir. Að þeim loknum verða aðeins sex metrar eftir og ef fram heldur sem horfir verður verkinu lokið á þessu ári.

Að meðaltali hafa verið saumaðir um 13 metrar á ári en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að verkið tæki 10 ár þannig að saumaðir hafa verið fjórum metrum meira en gert var ráð fyrir á sök/ögg



Elvar Örn og Perla Ruth íþróttafólk UMF. Selfoss 2018

Handknattleiksfólkið Elvar Örn Jónsson og Perla Ruth Albertsdóttir voru valin íþróttakarlar og íþróttakona ársins 2018 hjá Ungmennafélagi Selfoss. Er þetta annað árið í röð sem þau hljóta þennan heiður.

Verðlaunahátíð Ungmennafélags Selfoss var haldin síðastliðinn föstudag í félagsheimilinu Tíbrá en þetta er jafnframt í annað skipti sem félagið heldur sérstaka verðlaunahátíð fyrir íþróttafólk ársins. ög

Haldið upp á dag leikskólans á Bergheimum

Þann 6. febrúar sl. var dagur leikskólans. Af því tilefni var boðið upp á pönnukökur á leikskólanum Bergheimum í Þorlákshöfn og haldið diskóball fyrir alla á leikskólanum. Hér til hliðar er mynd sem ver tekin á skemmtuninni. Pönnukökurnar runnu ljúflega niður ein af annarri og diskóljósin heilluðu ungu kynslóðina. gpp



Bikarhátíð á Selfossi

Mánudaginn 18. febrúar keppa bæði Selfossliðin í 8-liða úrslitum Coca Cola bikarsins í handbolta í Hleðsluhöllinni. Stelpurnar taka á móti Fram kl. 18:00 og strákarnir á móti Val kl. 20:15.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi · Sími 699 1985 · 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi

Framúrskarandi
fyrirbæti 2013



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

PÁSKAR 2019

Til félagsmanna Stjórnendafélags Suðurlands sem hafa hug á að sækja um leigu á orlofshúsi félagsins Birkilíð, Brekkuheiði 15, Bláskógabyggð um páskana. Vinsamlegast sakið um á heimasíðu félagsins undir sumarhús á www.stjornandi.is.

Umsóknarfrestur er til 27. febrúar nk.

Orlofsnefnd Stjórnendafélags Suðurlands

Ert þú að auglýsa á réttum stað?

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

*samkvæmt Gallup-könnun októ.-nóv. 2018.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**BETRI
DEKK
BESTA
VÖRNIN**

Sími 482 2722 • Austurvegi 52,
Selfossi • solning.is



Stafræna undraeldhústækið Thermomix:

Eldamennskan verður fljótleg, einföld, hagkvæm og ekki síst skemmtileg



Mágkonurnar Berglind Ósk og Rebekka Ómarsdóttir.

Mágkonurnar Berglind Ósk og Rebekka Ómarsdóttir, sem eru búsettar í Þorlákshöfn, hafa stofnað félagið Eldhústöfra ehf. en meginstarfsemi þess er kynning og sala á fjölnota eldhústækinu Thermomix. Thermomix er framleitt af þýska fyrirtækinu Vorwerk, sem stofnað var árið 1884 og er þekkt fyrir framleiðslu á hágæða heimilistækjum. Upphaflega var Thermomix hannað og framleitt til að elda barnamat frá grunni. Tækið kom fyrst á markað 1961 og hefur verið í fararbroddi í eldhústækni í yfir fimm áratugi

og notið mikilla vinsælda um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í fyrrasumar sem Íslendingar fengu að kynna því, en Berglind segir að þeir hafi tekið nýjunginni fagnandi. „Allt í kringum matargerð verður svo miklu einfaldara, minna umstang og uppvas og þá skapast meiri tími til að njóta með fjölskyldunni,“ segir hún.

Allt til staðar í einu tæki

Berglind og Rebekka hafa báðar notað vélina í á annað ár og líkar stórvel. Tækið hefur á valdi sínu marga notkunarmöguleika; það

vigtar, hrærir, blandar, saxar, malar, þeytir, hnoðar, gufusýður og eldar en er að auki einnig með nákvæma hita- og tímastillingu. Hátt í tvö hundruð uppskriftir fylgja vélinni, bæði í uppskriftarbók og eins á stafrænum kubbi sem smellt er utan á vélina sem er með stafrænum skjá. Með því að nettengja vélina er svo hægt að bæta um betur og nálgast þúsundir uppskrifta sem berast á skjá vélarinnar. Þannig opnar Thermomix nýjan heim og meiri dýpt og breidd varðandi matreiðslu og með því geta allir eldað hollan, næringarrikan og bragðgóðan mat.

Áhersla á heimakynningar

Boðið er upp á heimakynningar en einnig er hægt að nálgast vélina í sýningareldhúsi Eldhústöfra ehf. í Síðumúla 29 í Reykjavík. Einnig er boðið upp á kynningar fyrir saumaklúbba, kvenfélög og matarklúbba. „Íslendingar hafa tekið þessu mjög vel og margir sem hafa séð kosti þess að nýta tæki af þessu tagi í eldhúsinu sínu.“ Allar nánari upplýsingar má nálgast á Facebook síðunni Thermomix á Íslandi eða á heimasíðunni eldhustofrar.is.

Farið yfir íþróttastarfið á Eyrarbakka



Aðalfundur Ungmennafélags Eyrarbakka var haldinn á Stað Eyrarbakka 6. febrúar sl. Á fundinum var farið yfir starfsemi síðasta árs og ársreikningar lagðir fram. Kosin var ný stjórn félagsins en hana skipa Helga Kristín Böðvarsdóttir, formaður, Jessica

Dalgren, varaformaður, Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, gjaldkeri, Halla Emilsdóttir, ritari og Rakel Guðlaugsdóttir, meðstjórnandi.

Ýmis önnur mál voru rædd á fundinum. Þar kom m.a. fram að Halla Emilsdóttir er búin að endurvekja félagsvistina og var fyrsta kvöldið haldið 12. febrúar. Óskað var eftir Zumbanámskeiði og voru Halla og Elín

settar í það að hafa samband við Birgittu Láru frá Hveragerði. Ákveðið var að hafa fjölskylduopnun á Stað þar sem foreldrar geta komið með börnin sín í leiki og hitt aðra foreldra. Þá var óskað eftir að leikjanámskeið verði haldið í sumar. Rakel Guðlaugsdóttir mun að öllum líkindum taka það að sér, en það verður auglýst nánar í tómstundablaðinu sem kemur út í vor.

Dýrlegt blót á Kirkjuhvoli



Myndin sýnir meðlimi þorablótsnefndar - sem sáu um þetta frábæra þorablótskvöld. Frá vinstri: Siggi Fúsi, Benni, Lilja, Björg, Magga, Hasse, Jóna Björk, Eyjólfur, María, Linda og Jón Hrafn. Ljósmyndarinn Linda Ösp Gunnarsdóttir hoppar inn á myndina.

Þorablót var haldið í Félagshéimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri 2. febrúar. Það voru 200 manns sem mættu í sínu fínasta þússi,

borðuðu fyrirtaks þoramat frá Hótel Laka sem yfirkokkurinn Ingvar H. Guðmundsson sá um og hlógu að heimatilbúnum skemmtiatriðum þar sem þeir

urðu mest fyrir skensi sveitunga sinna sem eitthvað höfðu afrekað á árinu. Þorablótsnefndin velur svo þá sem sjá um blótið næsta ár og er allur undirbúningur unninn í sjálfböðavinnu. Eftir matinn og skemmtiatriðin dönsuðu gestir sleitulaust langt fram eftir nóttu við undirleik hljómsveitar kúabóndans úr Landeyjunum, Hlyns Snæs og hljómsveitar. Þessi hljómsveit hefur leikið á Þorablótum á Klaustri í nokkur ár og greinilegt að nágrennarnir í vestri eru með rétta taktinn fyrir okkur hér fyrir austan. Almenn ánægja var með blótið og nú bíða ballskórnir til 16. febrúar þegar næsta Þorablót verður haldið í Skaftárhreppi en þá eru það Álftréningar og Skaftártungumenn sem bjóða til blóts í Tunguseli.

Afmælisveisla

Fögnum 45 ára afmæli

Í tilefni 45 ára afmælis
Lindarinnar föstudaginn
15 feb. bjóðum við þér að
samfagna með okkur og þiggja
kaffiveitingar fimmtudag,
föstudag eða laugardag.

AFMÆLISTILBOÐ

Allar nýjar vörur á afslætti ásamt
fleiri góðum tilboðum.

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



HÁDEGISTILBOÐ

GILDIR MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 14

HAMBORGARI, FRANSKAR & KOKTEILSÓSA
Á ADEINS 1099 KRÓNUR!

SELFOSSI
SKALLI
Sá svalasti í bænum
AUSTURVEGUR 46
800 SELFÖSS
SÍMI: 483-1111



Verðlaunaafhending í Suðurlandsdeildinni. Mynd: Helga Þóra Steinsdóttir. Fleiri myndir frá fimmgangnum er hægt að finna á Facebook-síðu hestamannafélagsins Geysis.

Mögnuð keppni í Suðurlandsdeildinni

Mögnuð keppni var í fimmgangi í liðinni viku í Suðurlandsdeildinni. Hestakosturinn var frábær og knaparnir til fyrirmyndar. Lið Töltrider stóð uppi sem stíga-hæsta lið kvöldsins en þeirra keppendur enduðu í 2. og 6. sæti í flokki atvinnumanna og 1. og 17. sæti í flokki áhugamanna. Sigurvegari atvinnumanna var Helga Una Björnsdóttir á Penna frá Eystra-Fróðholti og kepptu þau fyrir lið Árbæjarhjáleigu/Hjarðartúns. Sigurvegari áhugamanna var Eygló

Arna Guðnadóttir á Gerpla frá Þúfu í Landeyjum og kepptu þau fyrir lið Töltrider. Staðan í liðakeppninni eftir aðra keppni er hnífjöfn og eiga enn þá nánast öll liðin möguleika á að sigra eða í það minnsta blanda sér í toppbaráttuna. Spannandi verður að fylgjast með því hvernig keppnin þróast áfram. Næsta grein er parafrimi og fer hún fram 19. febrúar nk. Heildarniðurstöður er hægt að nálgast í Kappa appinu.

Staðan í liðakeppninni:

1. Töltrider 104,5
2. Heimahagi 104
3. Húsasmiðjan 100,5
4. Vöðlar/Snilldarverk 96,5
5. Hemla/Hrímnir/Strandarhöfuð 95,5
6. Fet/Kvistir 92
7. Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún 90,5
8. Krappi 89
9. Equisana 88
10. Ásmúli 86,5
11. Austurás/Sólvangur 65

Úrslit

A úrslit - áhugamanna

Sæti / Knapi / Hross / Lið / Einkunn

1. Eygló Arna Guðnadóttir / Gerpla frá Þúfu í Landeyjum / Töltrider / 6,21
2. Sigurbjörn Viktorsson / Sóldögg frá Brúnum / Heimahagi / 6,19
3. Vilborg Smáradóttir / Þoka frá Þjóðólfshaga 1 / Equisana / 6,10
4. Aasa Elisabeth Emelie Ljungberg / Tign frá Vöðlum / Vöðlar/Snilldarverk / 6,00
5. Svanhildur Hall / Þeyr frá Holtsmúla 1 / Hemla/Hrímnir/Strandarhöfuð / 5,88
6. Karen Konráðsdóttir / Lind frá Hárlausstöðum 2 / Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún / 5,79

A úrslit - atvinnumanna

Sæti / Knapi / Hross / Lið / Einkunn

1. Helga Una Björnsdóttir / Penni frá Eystra-Fróðholti / Árbæjarhjáleiga/Hjarðartún / 6,83
2. Elvar Þormarsson / Klassík frá Skíðbakka I / Töltrider / 6,79
3. Jóhanna Margrét Snorradóttir / Prins frá Hellu / Heimahagi / 6,60
4. Eva Dyröy / Sesar frá Þúfum / Vöðlar/Snilldarverk / 6,55
5. Vignir Siggeirsson / Ásdís frá Hemlu II / Hemla/Hrímnir/Strandarhöfuð / 6,52
6. Hjörvar Ágústsson / Ás frá Kirkjubæ / Töltrider / 6,45
7. Ásmundur Ernir Snorrason / Þrá frá Strandarhöfði / Hemla/Hrímnir/Strandarhöfuð / 6,31



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Anna Margrét Káradóttir.

Ég vil að sjálfsögðu byrja á því að þakka Loga kærlega fyrir áskorunina og tek henni fagnandi. Ég ætla að gefa ykkur uppskrift að sweet chilli-blaðlaukskjúklingarétti sem ég geri reglulega enda afar einfaldur en alveg ofsalega bragðgóður. Ég er rosalega mikill slumpari í eldhúsinu en ég ætla að reyna að gefa ykkur raunsæ hlutföll.



Anna Margrét Káradóttir.

Hráefni:

2-3 kjúklingabringur
Heill blaðlaukur
1 dós sýrður rjómi
100 gr. rjómaostur
1 teningur kjúklingakrafur
3-5 msk. sweet chilli-sósa
1-2 geirar hvítlaukur (Ég set alveg þrjá en ég er hvítlaukssjúk)
Rifinn ostur eftir smekk

Ég byrja á því að skera bringurnar í litla bita og steiki á pönnu, kryddið eftir smekk, ég nota salt og pipar. Kjúklingabitarnir fara síðan í eldfast mót og því næst steiki ég blaðlaukinn ásamt hvítlaukum þar til hann er orðinn passlega mjúkur. Ég blanda síðan sýrða rjómanum, rjómaostinum, teningnum og sweet chilli-sósunni við og læt þetta malla smá.

Næst helli ég þessu yfir kjúklinginn og sáldra rifnum osti yfir og hendi inn í ofn á ca. 200 gráður í 10-15 mín. eða þar til osturinn er orðinn fallega bráðinn og sósan lætur í sér heyra.

Ég ber réttinn fram með hrísgrjónum og salati með fetaosti en þess má til gamans

geta að þessi réttur er jafnvel enn betri upphitaður.

Þar sem ég er mikil meðlætismanneskja þá verð ég einnig að láta fylgja með uppskrift að fröllurétti sem við fjölskyldan erum fræg fyrir, algjörlega ótengt kjúklingaréttinum hér að ofan. Það er orðin hefð fyrir því að bera þennan fröllurétt fram með hamborgarhryggnum á jóladag og svo virkar hann með hverju sem er, hann er algjörlega ruglaður þessi réttur.

Hráefni:

1 poki tilbodsfranskar (þessar í gula poka sem hafa verið á tilboði í 20 ár)
1 poki rifinn ostur
500 ml matreiðslurjómi
Season all (eða eitthvað í líkingu við það)

Fröllurnar fara í eldfast mót, rjómanum er helli yfir svo hann fljóti aðeins yfir fröllurnar og síðan er stráð vel af Season all yfir. Þetta fer síðan inn í ofn, 200 gráður í 20 mín. Því næst er rifna ostinum stráð yfir og aftur aðeins meira Season all og aftur inn í ofn í 10 mín. og svo er þetta bara tilbúið.

Ég skora á Selfyssinginn Lárus Arnar Guðmundsson að heiðra okkur með einhverri framandi uppskrift en við eigum það sam-eiginlegt að fara ótroðnar og oft umdeildar slóðir í eldhúsinu. Takk fyrir mig!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Fræðslufundur um innleiðingu nýju persónuverndarlaganna

Um tuttugu manns mættu á fræðslufund á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Advania Advice varðandi innleiðingu nýju persónuverndarlaganna (GDPR), en fundurinn var haldinn í Selinu á Selfossi í síðustu viku.

Fundurinn var haldinn í kjölfar útsendingar á innleiðingar- og upplýsingapakka sem ÍSÍ sendi til HSK og USVS og Íþrótt- og ungmennafélaga innan þeirra vébanda í desembermánuði.



Frá kynningarfundinum. Mynd: EO.

Elías Atlason verkefnastjóri ÍSÍ og Anna Þórdís Rafnsdóttir stjórnendaráðgjafi frá Advania Advice kynntu það innleiðingarferli sem framundan er hjá öllum Íþrótt- og ungmennafélögum á landinu.



Útgefandi: Dagskráin, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveg 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Á slípirokkum oftast er,
uppi á þaki sjaldan hér,
hún er mínu úri á,
undir bolta hana sá.

Svar við gátu í blaði 2485: GEMSI.
3. lína: veturgömul kind
4. lína: GMC kallaður gemsí

VALENTÍNUSAR TILBOÐ

Túlípanar
10 stk.

1.490kr

~~1.990kr~~



FERMINGAR

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

30%
afsláttur

ef pantað
eru áritaðar
servíettur, kerti
og sálmaþækur

30%
afsláttur
af allri fermingarvöru



Safnaðarfundur í Eyrarbakkakirkju

Safnaðarfundur Eyrarbakkakirkju verður haldinn þriðjudaginn 19. febrúar kl. 20.

Efni fundarins:

Kynning og umræður á tillögu biskupsfundar um sameiningu prestakalla á svæðinu.

Sóknarnefnd Eyrarbakkakirkju



Aðalfundur Kvenfélags Selfoss

Aðalfundur Kvenfélags Selfoss verður 19. febrúar 2019 í Selinu kl. 19.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Léttur kvöldverður er í upphafi fundar. Verð kr. 2000.

Tilkynnið þátttöku fyrir föstudaginn 15. febrúar til: Guðrúnar Þórönnu í síma: 863 0802, netfang: gj50@simnet.is eða Sigríðar 698 7952, netfang: bjossi.siddy@simnet.is.

Gönguljós á Selfossi

Á síðustu árum hefur umferð um aðalgötur bæjarins aukist jafnt og þétt. Umferðin hefur ekki eingöngu tengst ferðamönnum sem keyra í auknu mæli í gegnum bæinn heldur einnig vegna mikillar uppbyggingar sem hefur átt sér stað. Stór hópur fólks vinnur ennþá á höfuðborgarsvæðinu og keyrir gegnum bæinn að morgni til vinnu. Stór partur af þessari umferð hefur bæst á Austurveg og Eyraveg. Mikil uppbygging hefur átt sér stað vestan megin við Eyraveginna á síðustu árum og því meiri umferð. Heilt hverfi hefur risið þeim megin við Eyraveginna. Þegar horft er til öryggis á þessum götum er mikilvægt að hámarka það. Á morgnana fara mörg börn yfir götuna og hefur aukist jafnt og þétt.

Til að meta fjöldann er gott að horfa á fjölda skráðra barna í Vallaskóla á meðan uppbygging átti sér stað. Árið 2013 voru 524 börn skráð í skólann en eru 604 í dag. Fjöldunin nemur 80 börnum. Bróðurpartur barnanna kemur líklega úr nýja hverfinu hinum megin við Eyraveginna en einnig frá gömlu hverfunum, nær ánni, þar sem endurnýjun

Jón Hjörtur Sigurðarson,

íbúi á Selfossi.



íbúa á sér stað. Umrædd börn þurfa yfir fjölfarna götu á leið í skólann en fá götuljós, sem auka öryggi þeirra, eru á leiðinni.

Frá hringtorginu við Jötun og Bónus að hringtorginu er um 1,5 km. Frá hringtorginu við Tryggvaskála og að enda iðnaðarhverfisins er svipuð vegalengd. Á Austurvegi eru 10 gangbrautir og ein gangbrautarljós og við Eyravegi eru 6 gangbrautir en engin gangbrautarljós.

Þegar horft er til fjöldans, sérstaklega barna, sem þarf yfir umræddar götur til að sækja þjónustu og skóla er mikilvægt að maður komist yfir þær á öruggan hátt. Vegna misskilnings sonar míns og okumanns var keyrt á hann á gangbraut við Eyraveginna. Um helgina birtist frétt um að keyrt hafði verið á mann, á fertugsaldri, á einni gangbrautinni. Hámarka þarf

öryggi gangandi vegfaranda á þessum svæðum. Oft reynist erfitt fyrir okumenn að komast út á Eyraveginna og Austurveginna þegar umferðin er mikil og því nauðsynlegt að breyta rennsli bílanna.

Nauðsynlegt er að fjölga vel lýstum gangbrautarljósum yfir báðar göturnar. Gangbrautarljós við Kaffi krús væri góður kostur þannig að gangandi umferð yrði frekar beint þar yfir en á móti bókasafninu. Gangbrautin sem er gegnt bókasafninu er nálægt hringtorginu og gróður þar í kring hamlar útsýni okumanna og því eru gangandi vegfarendur í hættu. Við Eyraveginna þarf að bæta við gangbrautarljósum a.m.k. tveimur. Önnur ljósin ættu að vera við Tónlistarskólann og hin á milli Þóristúns og Fossvegar, nánar tiltekið við innkeyrsluna inn í Lyngheiðina. Umferðaröryggi gangandi vegfarenda, yfir Eyraveg og Austurveg, myndi aukast til muna með uppsetningu þessara ljósa. Auk þess myndi flæði umferðar breytast til hins betra.

Bíðum ekki eftir að slysinn gerist, byrgjum brunninn áður en barnið dettur ofan í hann.

Leikum og lærum

Leikum og lærum er heitið á þriðja kafla menntastefnu Árborgar 2018-2022. Þar er lögð áhersla á fjölbreyttar námsleiðir, frumkvæði, samvinnu og nýsköpun.

Sköpun

Leikur, sköpun og gleði eru ríkir þættir í skólastarfi. Frumkvæði, samvinna og nýsköpun einkennir skólastarfi. Skapandi greinin er gefið mikilvægi í skólastarfinu. Kjarnanámsgreinar og skapandi greinar fléttast saman með teymi-skennslu og faglegri samvinnu. Leiknum er gert hátt undir höfði og gott svigrúm gefið til leikja.

Nám og kennsla

Einstaklingsmiðað nám, markviss samvinna og fjölbreyttar námsleiðir. Lögð er áhersla á framsækna og fjölbreyttar kennsluaðferðir með einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi. Nám og kennsla



stuðlar að því að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun, þekkingu og hæfni til að tjá skoðanir sínar. Unnið er að því að efla málþroska og læsi, svo sem með þverfaglegum samstarfsverkefnum og styrkingu orðaforða. Foreldrar eru virkir þátttakendur í námi barna sinna. Tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar á eigin námi. Vettvangsferðir og nám í nærumhverfi skólanna eru mikilvægir þættir í skólastarfi. Námsmat er fjölbreytt leiðsagnarmat þar sem

hæfni nemenda er höfð að leiðarljósi. Öflugt faglegt samstarf er á milli skóla og skólastiga sem miðar að samfelli í námi

Umhverfi og aðbúnaður

Aðbúnaður og námsgögn við allra hæfi. Aðstaða til náms er góð, aðbúnaður og kennslugögn taka mið af aldri og þroska nemenda. Skólalóðir eru öruggar og aðgengilegar, aðbúnaður höfðar til allra aldurs hópa og nýtist bæði til náms og leikja. Skólar eru snyrtilegir og frístundasvæði þægileg og aðlaðandi. Aðbúnaður, m.a. tæknibúnaður, til náms, kennslu og stoðþjónustu er góður og fjölbreyttur. Umhverfissvitur og sjálfbær hugsun er mikilvægur þáttur skólastarfsins. Nemendur læra að umgangast nánasta umhverfi sitt af virðingu og alúð. Umhverfisvernd og flokkun sorps er markviss og unnið er að því að draga úr matarsóun.

Úrgangsmál Umhverfis Suðurland



Síðastliðið haust voru haldnir samráðsfundir um umhverfis- og auðlindamál víðsvegar um Suðurlandið þar sem úrgangsmál voru í brennidepli. Úrgangsmál tekur almennt til sorpmála og meðhöndlun sorps. Í dag gera íbú-

ar og fyrirtæki kröfu um að geta flokkað meira og samræmt en aukin vitund er um úrgangsmál og þau verðmæti sem liggja í úrgangi almennt. Í kjölfar samráðsfundanna var samþykkt á ársfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) að ráðast í verkefnið Úrgangsmál og meðferð úrgangs á Suðurlandi. Verkefnið er áhersluverkefni á

vegum Sóknaráætlunar Suðurlands og hefur Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfisfræðingur verið ráðin sem verkefnastjóri með sérfræðiþekkingu en verkefnið er á byrjunarreit. Við hvetjum alla til að kynna sér umhverfismál og taka þátt á www.umhverfissudurland.is því saman erum við Sunnlendingar sterkari og umhverfisvænni.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is



hsveitur.is

HS VEITUR

Unnið er að mælaskiptum á veitusvæði HS Veitna í Árborg (Selfossi, Stokkseyri og Eyrarbakka)

Settir verða upp svokallaðir snjallmælar en þeir eru með fjaraflestrarbúnaði og þegar búið er að setja upp slíka mæla og þeir komnir í samband við upplýsingakerfi HS Veitna hættir reiknigagerð að byggja á áætlunum og aflestri, viðskiptavinir greiða fyrir raun notkun hverju sinni.

Áætlað er að mælaskiptin og uppsetning upplýsingakerfisins verði gerð á næstu fjórum árum 2019-2022. Bent er á að þó svo að viðskiptavinir séu komnir með snjallmæli er ekki sjálfgefið að viðskiptavinir fari að greiða strax fyrir raun notkun því mögulegt er að uppsetning upplýsingakerfis sé ekki tilbúin.

Mælaskiptin eru unnin af starfsmönnum fyrirtækisins og eru þeir í merktum vinnufatnaði, koma á merktri bifreið og bera vinnustaðaskírteini. Starfsmenn okkar koma til með að hafa nánar samband áður en kemur að mælaskiptunum sjálfum.

Það er von okkar að viðskiptavinir taki vel á móti mælasetjum og að aðgengi að rafmagnstöflum verði gott.

Nánari upplýsingar varðandi mælaskiptin eru á heimasíðu fyrirtækisins. Hægt að senda fyrirspurnir í tölvupósti á netfangið hsveitur@hsveitur.is. Einnig eru veittar upplýsingar í afgreiðslu okkar á afgreiðslutíma sem er mánudaga til föstudaga frá kl. 08:15 – 16:00 í síma 422 5200.



Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka



Fjármögnun fyrirtækja

20. febrúar kl. 8:30 - 9:30 á Selfossi

Miðvikudaginn 20. febrúar stendur Íslandsbanki fyrir opnum fundi um fjármögnun fyrirtækja. Á fundinum verður rætt um ýmis hagnýt atriði, t.a.m. undirbúning lánsúmsóknar, afgreiðsluferlið og hentuga fjármögnunarkosti.

Skráning og frekari upplýsingar eru á islandsbanki.is

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

Frá Gaulverjabæjarkirkju

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður haldinn í Félagslundi mánudagskvöldið 25. febrúar kl. 20.00.

- Fundarefni:
- 1. Venjuleg aðalfundarstörf.
 - 2. Kynnt verður hugmynd um sameiningu Eyrarbakka- og Selfossprestakalla og leitað eftir afstöðu safnaðarins til hennar.

Sóknarnefnd Gaulverjabæjarsóknar



Aðalfundur Félags eldri borgara Selfossi

Verður haldinn í nýja salnum við Grænumörk 5 þann 21. febrúar 2019 kl. 15:15.

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningar
- Kosningar
- Önnur mál



Stjórnin



Aðalfundur Félags eldri borgara Hveragerði

Verður haldinn fimmtudaginn 21. febrúar 2019 kl.14 í Þorlákssetri.

- Fundarefni:
- Skýrsla stjórnar
 - Skýrsla gjaldkera
 - Ákveðin árgjöld félaga
 - Kosning stjórnar og skoðunarmenn reikninga
 - Önnur mál

Kaffihlaðborð kr. 1.000.-

Stjórnin



Úrbeining

Við tökum að okkur úrbeiningu á nautgripum, svinum, hrossum og sauðfé.

Erum líka með kjötbúð með nauta-, svína-, lambakjöt og kjúkling.

Hrossasaltkjöt, bjúgur, súrmat og hangikjöt. Kryddvörur í úrvali.

Verslunin er opin
10-18 á virkum dögum
10-14 á laugardögum

Strákarnir í Villt og alið ehf. Hellu.
Halli: 866 3471 – Guðmar: 691 1100

Gaman í gæðinum



STÓRA MYNDIN

Ekki þekkja allar þjóðir skafrenning eins og Íslendingar. Hafgolu þekkja samt flestir. Þau svæði sem að stórum hluta eru vaxin skógi, er vindafar allt annað og hægara.

Mörgum virðist að í Skandinavíu sé yfirleitt logn og að það snjóí bara í logni. Það mun eiga við rök að styðjast en skoðum aðeins vegna hvers það skyldi nú vera.

Margir upplifa að þeir skilji samhengið, en skoðum aðeins stóru myndina. Áður hef ég minnst á hvers konar skjól gefur besta skjólið og þá um leið haft heimilisgarðinn í huga.

Skjól af limgerði gefur gott skjól en hefur líka áhrif á vind í næsta nágrenni. Áhrifanna gætir í götunni og jafnvel næstliggjandi götum og gördum.

Á meðan garðagróður er að ná hæð, eru skaflar áberandi hlémegin við skjólið. Vindur/skafrenningur færir snjóinn til, en snjórin stoppar alltaf á þeim stað sem vindur er hægari.

Í eldri götum merkjum við að skafrenningur og skaflar eru minni og á færri stöðum. Ástæðan er að vindur er orðinn hægari og skjólið meira. Þá verður kæling minni og hitastigið hækkar að sama skapi.

Þegar við tölum um vind, eigum við oft við vind nálægt jörðu. Umfang eða stærð skjóls skiptir meira máli þegar við skoðum skjól í stærra samhengi. Því hærri sem gróðurinn er, því lengra frá sér hefur



hann áhrif á vind niður við jörð. Því er samt takmörk sett. Talað er um að gróður hafi áhrif á vind 30 sinnum hæð sína frá sér. 20 m há tré hafa þannig áhrif á vind á 60 m svæði hlémegin og eitthvað vindmegin.

Einstaklingar sem stunda svífvængjaflug eða „paragliding“ vita að það er varasamt að svífa yfir skóg í minni hæð en 4-500 m. Það segir okkur að trjágróður hefur áhrif á vindafar langt upp fyrir hæð trjáanna. Öll svæði með kjarri eða skógi sem stærri eru en 100 m á kant (1 ha), eru sérlega varasöm. Eins er með öll hús og byggingar. Áhrifanna gætir lengra frá en 30 sinnum hæð trjáanna eða húsanna frá sér. Það erum við að nýta okkur með t.d. skógrækt.

Skógræktarstjóri um skóg á Íslandi: <https://youtu.be/-hgAf8awLmQ>

Á Selfossi má víða finna samfelld trjásvæði. En Selfoss er orðið stærra þéttbýli en gamli/

nýi miðbærinn. Ég vil helst sjá byggðarkjarna þróast þannig að strax og svæðisskipulag fer í vinnslu, verði hafist handa við að mynda skjól, t.d. með skógrækt. Þegar síðan húsunum fjölgar, verði þar komið skjól. Það eykur gæði upplifunar fyrstu íbúanna, hitastig verður herra, upphitunar- og kæling minnkar og kostnaður við snjómokstur verður minni. Ég hef séð að þar sem svona er búið um hnútana, minnkar vinna við skipulagningu opinna svæða og viðhalds- og umhirðu- kostnaður lækkar. Náttúrulegra skipulag verður nær notandanum og gæði upplifunar og útivistar hækkar.

Mér hefur fundist að þeir sem búa í kassalaga umhverfi, hugsi meira ferkantað en aðrir?

Nánari upplýsingar: 892 7709 og benni@sjalfbaer.com

Nú er hann kaldur að norðan



Nú er kalt og grípa þá margir til þess að bæta í hitann með rafmagnshitablasara. Eins og það er notalegt að geta skerpt á hitanum þá er það mjög mikilvægt að slökkva á hitablasaranum þegar hlýnar aftur. Ef ekki er slökkt á hitablasaranum þegar

hitnar úti, lækka ofnar sjálfkrafa, hitastig helst það sama en dýrari rafhitun tekur yfir vatns hitun. Loftur Már Sigurðsson sérfræðingur raforkuviðskipta hjá Orku heimilanna segir að þó lítið fari fyrir svona tæki þá notar það talsvert mikið rafmagn. Mjög algengt er að hitablasari noti 3000 wött, sem gera 3 kW á klukkustund. Þá kostar rektur á hitablasara miðað við dreifingu í Reykjavík og sölu hjá Orku heimilanna:

Verð á kWst
Veitur ohf: 7,28 kr./ kWst
Orka heimilanna: 7,30 kr./ kWst
Samtals rafmagn: 14,58 kr./ kWst á höfuðborgarsvæðinu.

Þannig kostar hitablasarinn:

- Ein klukkustund 3 * 14,58 = 43,74 kr.
- Einn dagur kostar: 24 * 43,74 = 1.050 kr.
- Vika kostar: 7 * 1050 = 7.348 kr.
- Mánuður kostar: 30 * 1050 = 31.492 kr.

Á þessum útreikningum sést að svona tæki getur kostað talsvert og teljum við hjá Orku heimilanna nauðsynlegt að neytendur séu meðvitaðir um þann kostnað sem notkun tækisins skapar. Það er þekkt að einstaklingar hafa fengið bakreikning upp á allt að 300.000 kr. eftir að hafa gleymt að slökkva á hitablasara segir Loftur.

NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM

Fáðu strax okkar besta verð í tryggingarnar og gakktu frá kaupum á nokkrum mínútum. Það getur þú bara hjá TM.

SJÁÐU ÞITT VERÐ Á [TM.IS](https://tm.is)

“

Þetta var fljótlegra en ég átti von á og talsvert einfaldara

TM

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is



Haukur Þrastarson var heitur með 10 mörk. Mynd: UMFS/JÁE.

Sætur sigur í Mosfellsbænum

HANDBOLTI Selfoss vann í seinustu viku eins marks sigur á Aftureldingu í Mosfellsbæ eftir dramatískan lokakafli, 28-29.

Jafnt var í byrjun leiks en fljótlega sigu Selfyssingar fram úr og leiddu í hálfleik með fjórum mörkum, 12:16. Mest komust Selfyssingar sex mörkum yfir í seinni hálfleik. Afturelding saxaði hins vegar á forskot Selfyssinga þegar leið á seinni hálfleik og náði að jafna í 26:26 þegar um fimm mínútur voru eftir af leiknum. Þá tók við dramatískar loka-

kafli sem endaði með því að Haukur Þrastarson kom Selfoss í 28:29, heimamenn höfðu nokkrar sekúndur til að jafna en Pawel Kiepuski kom til bjargar og niðurstaðan eins marks sigur.

Mörk Selfoss: Haukur 10, Atli Ævar 6, Elvar Örn 5, Einar 3, Hergeir og Guðjón Baldur 2 og Guðni 1. Pawel varði 7 skot og Sölvi 4.

Strákarnir tóku á móti ÍBV sl. mánudag en næsti leikur í Ólís-deildinni verður á útivelli gegn Val mánud. 25. febrúar. esó/gj



Íþróttafólk deilda ásamt íþróttakarli og íþróttakonunni ársins hjá Umf. Selfoss. Aftari röð f.v.: Logi Freyr Gissurarson sem tók við viðurkenningu f.h. Magdalenu Önnu, Birta Sif, Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss, Sara, Hilmar Örn Hilmarsson sem tók við viðurkenningu f.h. Guðmundar Axels, Egill, Bjarni Már og Þorsteinn Ragnar sem einnig tók við viðurkenningu f.h. Dagnýjar Maríu. Fyrir framan eru Elvar Örn og Perla Ruth. Mynd: Umf. Selfoss/GJ.

Elvar Örn og Perla Ruth íþróttafólk Umf. Selfoss 2018

Handknattleiksfólkið Elvar Örn Jónsson og Perla Ruth Albertsdóttir voru valin íþróttakarli og íþróttakonunni ársins 2018 hjá Ungmennafélagi Selfoss og er þetta annað árið í röð sem þau hljóta þennan heiður. Verðlaunahátíð Ungmennafélags Selfoss var haldin á föstudag í félagsheimilinu Tíbrá en þetta er jafnframt í annað skipti sem félagið heldur sérstaka verðlaunahátíð fyrir íþróttafólk ársins.

Perla Ruth Albertsdóttir

Perla Ruth er lykillleikmaður í liði Selfoss sem leikur í Ólís-deildinni. Náði liðið sínum besta árangri keppnistímabilið 2017–

2018 þegar það endaði í sjötta sæti. Hún tók þátt í öllum landsliðsverkefnum ársins og stimplaði sig inn sem lykillleikmaður í landsliðinu.

Elvar Örn Jónsson

Elvar Örn er lykillleikmaður í liði Selfoss í Ólís-deildinni en liðið náði sínum besta árangri í deildarkeppni á seinasta ári, lék til undanúrslita á Íslandsmóti og bikarkeppni auk þess að taka þátt í Evrópukeppni. Á liðnu ári stimplaði Elvar Örn sig inn sem byrjunarliðsmaður hjá íslenska landsliðinu ásamt því að vera valinn besti leikmaður Ólís-deildarinnar á síðustu leiktíð.

Á verðlaunahátíðinni var íþróttafólk ársins í deildum einnig heiðrað, en hver deild Umf. Selfoss gat tilnefnt íþróttakarli og íþróttakonunni í sinni deild. Auk Elvars Arnar og Perlu Ruthar voru eftirfarandi einstaklingar tilnefndir: Fimleikafólkið Bjarni Stefánsson og Birta Sif Sævarsdóttir, frjálfsíþróttafólkið Kristinn Þór Kristinsson og Eva María Baldursdóttir, júdómaðurinn Egill Blöndal, knattspyrnufólkið Guðmundur Axel Hilmarsson og Magdalena Anna Reimus, mótókrosskonan Gyða Dögg Heiðarsdóttir, sundkonan Sara Ægisdóttir og taekwondofólkið Þorsteinn Ragnar Guðnason og Dagný María Pétursdóttir.

Eins marks tap í botnslagnum

HANDBOLTI Selfoss tapaði gegn KA/Þór í Ólís-deildinni í seinustu viku eftir svakalegan lokakafli þar sem stelpurnar köstuðu leiknum frá sér eftir annars magnaða frammistöðu.

Leikurinn byrjaði rólega og var jafn fyrstu mínúturnar en KA/Þór tók síðan forystu, hálfleikstölur voru 13-16. Norðan-stelpur héldu áfram í seinni hálfleik og náðu mest sex marka forskoti, 14-20. En þá tóku stelpurnar aldeilis við sér og söxuðu á forskotið. Selfoss jafnaði loks leikinn 25-25 þegar um fimm mínútur voru eftir af leiknum og þá tók við æsispennandi lokakafli. KA/Þór hafði frumkvæðið en Selfyssingar svöruðu jafn harðan. Staðan var 28-28 þegar ein mínúta var eftir og ruðningur dæmdur á KA/Þór. Selfyssingar voru því í kjörstöðu og tóku leikhlé þegar hálf mínúta var eftir. Þær voru hins vegar sofandi þegar leikurinn var flautaður aftur á og réttu norðan-stúlkum boltann sem skoruðu í tómmt markið, því fór sem fór, 28-29.



Katrín Ósk Magnúsdóttir átti stórleik í markinu þrátt fyrir tap. Mynd: Umf. Selfoss/JÁE.

Mörk Selfoss: Perla Ruth 8, Hulda Dís 5, Harpa Sólveig 4/1, Tinna Sigurrós og Rakel 3, Krístrún 2, Ída Bjarklind, Sarah og Carmen 1. Katrín Ósk átti stórleik í markinu og varði 17 skot.

Selfoss er áfram í botnsæti deildarinnar með 4 stig og sótti Hauka heim í Hafnarfirði í gær. Nú þurfa stelpurnar að gefa allt í botn enda lítið eftir af deildinni og þær treysta á að Selfyssingar styðji við bakið á þeim upp brekkuna.

Þór Llorens Þórðarson í Selfoss

KNATTSPYRNA Þór Llorens Þórðarson skrifaði í seinustu viku undir lánssamning við knattspyrnudeild Selfoss en Knattspyrnufélag ÍA lánar hann á Selfoss út komandi leiktíð.

Þór, sem er 19 ára gamall, er uppalinn hjá ÍA og spilaði með 2. flokki félagsins í fyrra auk þess að leika 9 leiki með liði Kára í 2. deildinni. Hann hefur einnig leikið þrjá landsleiki með U17 ára liði Íslands.

Þór er varnarmaður að upplagi, með baneitraðan vinstri fót og mun einnig nýttast vel í föstum leikatriðum en hann raðaði inn mörkum fyrir 2. flokk ÍA úr aukaspyrnum í fyrrasumar.



Þór Llorens (t.v.) og Sævar Þór Gíslason, gjaldkeri knattspyrnudeildarinnar.

Tvíhöfði í bikarnum á Selfossi

HANDBOLTI Mánudaginn 18. febrúar verður sannkölluð handboltaveisla. Selfossliðin keppa þá í átta liða úrslitum Coca Cola bikarsins. Stelpurnar taka á móti Íslands- og bikarmeisturum Fram kl. 18:00. Strákarnir taka síðan á móti Val kl. 20:15. Fyrir sigurvegarann er í boði miði í höllina í undanúrslí í Final4 í byrjun mars. Miða er hægt að kaupa við dyr, fólk er bent á Facebook-síðu Selfoss handbolta fyrir frekari upp lýsingar. esó



Unnsteinn Reynisson íþróttamaður Þjótanda 2018

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Unnsteinn Reynisson, frjálsíþróttamaður, var útnefndur íþróttamaður Ungmennafélagsins Þjótanda í Flóahreppi fyrir árið 2018 á aðalfundi félagsins sem haldinn var fyrir skómmu.

Unnsteinn er fæddur árið 2003 og varð því 15 ára á árinu. Hann sýndi gífurlegar framfarir árið 2018 og bætti sig í öllum greinum t.d. um 19 cm í hástökki innanhúss og 2,5 m í kúluvarpi með 4 kg kúlnu. Hann varð Unglingalandsmótsmeistari í flokki 15 ára í hástökki í sumar auk þess sem hann



Unnsteinn Reynisson.

var drjúgur í stigasöfnun bæði fyrir HSK á MÍ unglunga og Umf. Þjótanda á Héraðsmótum HSK í flokkum unglunga og fullorðinna þar sem hann er sífellt að gera sig meira gildandi.

Unnsteinn er jákvæður og duglegur íþróttamaður sem hefur alla burði til þess að bæta sig enn meira á komandi árum og komast í fremstu röð.

Þess má geta að nú í janúar bætti hann enn um betur og komst inn í Úrvalshóp unglunga hjá FRÍ með því að stökkva 1,80 m í hástökki á Unglingamóti HSK. gó

Knattspyrnudeild Hamars og Kjörís endurnýja samstarfssamning

KNATTSPYRNA Kjörís hefur verið aðal styrktaraðili knattspyrnudeildar Hamars í Hveragerði til fjölda ára. Á dögunum var undirritaður nýr samningur um áframhaldandi samstarf til tveggja ára. Hamarsmenn eru afar þakklátir fyrir stuðninginn frá Kjörís undanfarnin ár og eru spennt að halda áfram því samstarfi.

Kjörismótin munu halda áfram sínu striki, en þau hafa verið gríðarlega vinsæl hjá öllum þeim sem hafa sótt þau. Allir flokkar knattspyrnudeildar munu halda áfram að vera með merki Kjörís framan á keppnisbúningum sínum.



Við undirskrift samningsins. Valdimar Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Kjörís, ásamt stjórnarfólki, þjálfara og iðkendum úr yngri flokkum og meistaraflokki Hamars.

Kjörismótaröð Hamars




KNATTSPYRNA Kjörismótaröð Hamars lauk síðla janúarmánaðar og má með sanni segja að um vel heppnuð mót hafi verið að ræða við kjöraðstæður í Hamarshöllinni. Keppt var í 7.-5. flokkum drengja og stúlkna. Undirbúningur er hafinn fyrir hið geysivinsæla páskamót Hamars þar sem ávallt er

glatt á hjalla og mikil tilhlökkun ríkir í aðdraganda þess. Áætlaðar dagsetningar eru 6.-7. apríl sem og 13.-14. apríl. Nánari lesning og margar fleiri myndir frá mótum og starfi Knattspyrnudeildar Hamars er að finna á Facebook-síðu félagsins, Hamar Knattspyrna.

82,2%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



ÁS
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili leitar að hressu og duglegu starfsfólki við ræstingar og í saumastarf

- Í ræstingum er um að ræða dagvaktir og starfshlutfall er samkomulagsatriði.
- Saumastarfið er 50% starf, alla virka daga en vinnutími er samkomulagsatriði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Frumkvæði og vandvirkni í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
- Þolinmæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Starfsfólk þarf að hafa náð 18 ára aldri
- Íslenskukunnátta

Greitt er eftir kjarasamningi Eflingar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Erla M. Pálmadóttir, ræstingastjóri
Sími 480 2088, erla@dvalaras.is

Við hlökkum til að heyra frá þér.

Ertu í söluhugleiðingum
á nýju ári?



Verið velkomin í kaffi
til okkar að Austurvegi 6
Selfossi



Sveinir Sigurðsson



Guðný Guðmundsdóttir



Sigurður Jóhannsson

DOMUSNOVA
Fasteignasala

FASTEIGNASALA VENJULEGA FÓLKINS - AUSTURVEGI 6 - WWW.DOMUSNOVA.IS - SÍMI 527 1717

M Blaðberar óskast á Selfossi

Morgunblaðið auglýsir eftir blaðberum á Selfossi. Upplýsingar hjá umboðsmanni á netfanginu leifurgudm@gmail.com eða í síma 698 0629 eftir kl. 12.

Starfsmaður óskast

Starfsmaður óskast á vaktir í afgreiðslu sem fyrst. Unnið er á vöktum 2-2-3 frá kl. 8 til 19.

Fyrir frekari upplýsingar sendið fyrirspurnir á netfangið almarbakari@gmail.com

ALMAR BAKARI

Sunnumörk 2, Hveragerði, sími 483 1919

Mikið hlegið fyrir troðfullu húsi

Mikið var hlegið í Leikhúsinu, Austurmörk 23 í Hveragerði, þegar Leikfélag Hveragerðis frumsýndi hinn sprenglæglega farsa Tveir tvöfaldir á laugardagskvöldið 2. febrúar sl. fyrir troðfullu húsi.

Leikritið gerist á Hótel Höll en þar tekst formanni fjárlaganefnar Alþingis að koma sér og aðstoðarmanni sínum í ótrúleg vandræði. Þekkt staðreynd úr heimi stjórnmálanna! Þingmaðurinn hefur sem sé ákveðið

að skrópa á nefndarfundum til að eiga stund með hjákonu sinni. Hreinlyndur og saklaus aðstoðarmaður þingmannsins klúðrar hinsvegar málunum og úr verður hrærigrautur miskilnings og lyga!



Mariu Sigurðardóttur leikstjóra var afhentur blómvöndur fyrir frábært starf undir dynjandi lófaklappi.



Kristín Jóhannesdóttir 90 ára, eini núlifandi stofnfélagi Leikfélags Hveragerðis og heiðursfélaga, lét sig ekki vanta á frumsýninguna.



Steindór Gestsson leikur hótélgest á Hótel Höll.



Ásta Gunnlaugsdóttir og Björg Hilmisdóttir skemmtu sér vel á frumsýningunni.



F.v.: Hafþór Vilberg Björnsson, Hrefna Ósk Jónsdóttir og Guðmundur Erlingsson í hlutverkum sínum.



F.v.: Anna Jörunn Stefánsdóttir, formaður til margra ára og heiðursfélaga leikfélagsins, ásamt sonarsyni sínum Pétri Nóa Stefánssyni.



Valdimar Ingi Guðmundsson formaður Leikfélags Hveragerðis.



Hinn þaulreyndi leikari Steindór Gestsson var gerður að heiðursfélaga á frumsýningunni.



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Grunnskólakennari í Þjórsárskóla

Laus staða kennara í Þjórsárskóla

100% staða í afleysingum frá 18. mars til loka skólaársins.

Kennslugreinar eru stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, umsjón, heimilisfræði og útinám.

Umsóknarfrestur til 25. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch skólastjóri í síma 895 9660 og á netfanginu bolette@thjorsarskoli.is.

Þjórsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemendur eru tæplega 50. Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum. Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Við leggjum áherslu á að nýta það efni sem við fáum úr Þjórsárdalsskógi og að gefa gömlum hlutum nýtt líf. Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því. Vefslóð www.thjorsarskoli.is.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru um 630 íbúar. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti. Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal. Þjórsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.





Mikil vinna fer í hvern poka. Mynd: GPP

Ert þú að gleyma að skila í pokastöðina?

Þessari spurningu geta vafalítið margir Sunnlendingar svarað játandi. Undirritaður játar í öllu falli, undanbragðalaust, að hafa tekið poka og gleymt að skila, tekið annan, þar til að fjöldi pokanna var orðinn slíkur að þeim þurfti að skila í skjóli nætur. Það kom því vel á vandan þegar Dagskránni barst ósk frá Pokastöð Árborgar um að koma í heimsókn og kynna sér ferlið á bak við pokana. Markmiðið var að koma því á framfæri, með sem blíðlegustum hætti, að hvetja fólk til að skila pokunum og safna þeim ekki upp heima hjá sér. Raunin er víst sú að um 4500 stykki hafa verið framleidd og 4400 þeirra liggja einhvers staðar í fórum íbúa hér á Suðurlandsundirlendinu, jafnvel ónotaðir, sem er auðvitað ekki markmiðið með verkefninu.

Mikil vinna á bak við pokana

Það má með sanni segja að vinnan á bak við pokana sé ærin og handtökin fjölmörg við hvern poka. Aðspurðar að því hvað drífur þær áfram að sinna þessu í sjálfböðavinnu segja konurnar sem standa að baki Pokastöðvar Árborgar: „Það er auðvitað fyrst og fremst umhverfisins vegna, og enn frekar eftir alla plastumræðuna. Þetta er svo leið til að gefa til baka til samfélagsins,



stuðla að aukinni umhverfisvernd og vitundarvakningu. Svo er félagsskapurinn skemmtilegur þó að við hittumst ekki oft því við skiptum með okkur verkum í saumaskapnum.“ Allt efni í pokana er endurnotað og þegar blaðamann bar að garði var verið að spretta upp gömlum gardinum og rúmfötum sem einhver hafði ákveðið að skipta út. „Okkur hefur alls staðar verið tekið vel, við fengið efnið gefins svo dæmi sé tekið. Þá hefur verkefnið verið styrkt, meðal annars af SASS og Krónunni.

Fáðu lánað og skilaðu aftur

„Kerfið er hugsað þannig að ef þú gleymir pokanum þínum heima getur þú fengið poka hjá okkur að láni undir vörurnar í því sjónarmiði að þurfa ekki að kaupa plastpoka eða þurfa að fara heim aftur að sækja pokann. Við viljum halda þessu áfram og halda kerfinu gangandi þannig að þessi þjónusta sé í boði. Með því að íbúar skila pokunum sem þeir eru ekki að nota gengur kerfið mun betur og pokastöðvarnar standa ekki tómar.“ -gpp



Ráðhús Árborgar – breyttur opnunartími

Á fundi bæjarráðs Árborgar 7. febrúar sl. var samþykkt breyting á opnunartíma Ráðhúss Árborgar.

Frá og með fimmtudeginum 14. febrúar verður Ráðhús Árborgar opið frá kl. 10:00 - 16:00 alla virka daga.

Þetta fyrirkomulag verður haft til reynslu til 31. maí 2019.

Loftljósið

Hagkvæmur kostur
Tenging sem virkar

GAGNAVEITAN

Sími 546 0400

Hentar fyrir gagnvirkt sjónvarp

Margir möguleikar í boði

Fjartenging myndavélakerfa,
öryggiskerfa ofl.

Ljósið í loftinu!

Lausnir fyrir þig inni á

www.loftljosisid.is



Loftljósið næst frá eftirtöldum stöðum:

Seyðishólar - Langholtsfjall - Háafjall - Úthlíð - Tóftir
Krosshóll - Hurðarbak - Heklubýggð - Lúnansholt
Kálfatjörn - Borgarnes - Þjóðólfsholt

Léttum þér lífið

dagar

**VERTU Í HÓPI ÁNÆGDRA
VIÐSKIPTAVINA**

Dagar þjónusta fyrirtæki með reglulegar ræstingar, hreingerningar, viðhald gólfa og annað sem þarf til að viðhalda húsnæði. Okkar 800 manna hópur leysir frá degi til dags fjölbreytt verkefni á 20 stöðum á landinu. Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þar haldast skipuag og sveigjangleiki hönd í hönd, þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

Við hlökkum til að létta þér lífið með bros á vör
Hafðu samband við Krístrúnu í síma 693 4934 eða kristrun@dagar.is
eða Helgu Flosa í síma 854 1610 eða helga@dagar.is

Blítt og létt hópurinn í Hvíta húsinu með gömlu og góðu Eyjalögin



Blítt og létt hópurinn er þrettán ára gömul hljómsveit. Á tónleikunum í Hvíta húsinu verða söng- og hljóðfæraleikararnir tólf talsins. Sungin verða skemmtileg Eyja-

Söng- og skemmtisveitin Blítt og létt, frá Vestmannaeyjum, verður á ferðinni á fastalandinu og heldur sitt árlega Eyjakvöld í Hvítahúsinu Selfossi föstudagskvöldið 8. mars næstkomandi. Skemmtunin hefst kl. 21:00 og húsið verður opnað kl. 20:00.

lög sem allir þekkja og textum varpað á vegg svo allir geti sungið með. Sögum af höfundum og ljóðum er síðan fléttað inn í dagskrána. Enginn sem unnir skemmtilegum söng og tónlist í anda Eyjamanna má missa af þessum viðburði.

Unnu bíl í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins

Sonja Eyfjörð Skjaldardóttir á Selfossi, heppinn greiðandi miða í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins 2018, fékk nýlega afhentan nýjan sjálfskiptan Peugeot 3008 Allure, að andvirði um 4,5 milljóna króna. Þetta var einn af 286 skattfrjálsum vinningum í happdrættinu. Sonja var ekki alveg á því að trúa þessu þegar hringt var í hana til að tilkynna henni um vinninginn. Hún og eiginmaður hennar voru á ferðalagi í útlöndum síðasta sumar og leigðu þar bíl. Svo skemmtilega vill til að bíla-leigubíllinn var Peugeot 3008 og hjónin höfðu einmitt á orði í ferðinni hvað þau væru hrifin af þessum bíl. Þetta er í fyrsta skipti sem þau eignast nýjan bíl.

Einnig má nefna að greiðendur miða í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins á Suðurlandi voru mjög heppnir í útdrættinum, en þeir voru um fjórðungur vinningshafa.

Tekjum af happdrætti



Frá afhendingu vinningsins. F.h.: Guðlaug B. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Benný Ósk Harðardóttir, sölustjóri hjá Brimborg, vinningshafinn Sonja Eyfjörð Skjaldardóttir og eiginmaður hennar, Matthías Bjarnason.

Krabbameinsfélagsins hefur fyrst og fremst verið varið til fræðslu um krabbamein og krabbameinsvarnir, útgáfu fræðslurita og stuðnings við krabbameinssjúklinga. Stuðningur við happdrættið hefur gert félaginu kleift að halda

uppi öflugu fræðslustarfi í þágu þjóðarinnar. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur umsjón með framkvæmd og rekstri happdrættis Krabbameinsfélagsins.

TÓNLEIKARÖÐ UNNUR BIRNA & BJÖRN THORODDSEN

22.FEB. MIDGARD BASE CAMP HVOLSVELLI
23.FEB. SKYRGERÐIN HVERAGERÐI
16.MARS TRYGGVASKÁLI SELFOSI
ALLIR TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:30
FORSALA Á MÍDI.IS. MIÐAVERÐ 3500 KR
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR.



Atvinna Set röraverksmiðja

Óskum eftir að ráða starfskraft í mótuneyti fyrirtækisins, - matreiðslumann eða matartækni.

Góður vinnutími og vinnuaðstaða í vel útbúnu eldhúsi og matsal.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu Set í síma 480 2707.

Skila má inn umsóknum á tölvupóstfang: atvinna@set.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Hjá Set starfa um 75-80 manns, við sölu, innflutning, framleiðslu og þjónustu við lagnamarkaðinn.



Minnkum, endurnýtum og endurvinnum

Mikil umræða um sorp og umhverfismál er í gangi á Suðurlandi þessa dagana. Það er ekki að ástæðulausu því erfitt ef ekki ómögulegt hefur reynst að koma sorpi til urðunar frá okkur Sunnlendingum. Lengi tók Sorpa í Álfnesi norðan Reykjavíkur við sorpinu okkar til urðunar en samningnum var sagt upp um síðustu áramót.

Nú er verið að leita að framtíðarlausn en þetta ástand ætti að vera okkur áminning um mikilvægi þess að sem minnst sorp fari yfirleitt í urðun. Urðun sorps er óumhverfisvæn, veldur soun verðmæta og er afar kostnaðarsöm. Í Hveragerði hafa íbúar í mörg ár haft möguleika á að flokka ítarlega okkar sorp og gleðilegt er frá því að segja að Hvergerðingar eru mjög framarlega á landsvísi í flokkun. En betur má ef duga skal! Nánast allt sem við hendum er hægt að flokka og það er í flestum tilfellum ótrúlega auðvelt. Leiðbeiningar um flokkun má nálgast á heimasíðum sorphirðuaðila og eins á heimasíðum sveitarfélaganna. Til að draga úr úrgangi sem fer til urðunar getur verið gott að hafa eftirfarandi í huga:

Minnkum úrgang: Besta leiðin til að draga úr magni sorps sem fer til urðunar er að draga úr neyslu í upphafi, sérstaklega varnings sem endist stutt og sem kemur í miklum umbúðum. Hver þekkir t.d. ekki að hafa pantað vöru af netinu og fá hana í umbúðum sem eru margfaltar að rúmmáli og þyngd á við vöruna sjálfa. Við þurfum alltaf að spyrja okkur sjálf hvort við virkilega þurfum tiltekin varning áður en við kaupum hann.

Endurnýtum: Oft erum við að henda hlutum sem eru í fínu lagi og geta enst lengi enn. Stundum er einnig hægt að framlangja líf hlutanna í öðru hlutverki. Oft getur líka verið að aðrir vilji nýta hluti sem við höfum ekki þörf fyrir lengur. Við getum auglýst hluti sem nýtanlegir eru á ýmsum vettvangi og einnig eru fyrirtæki og stofnanir sem taka við hlutum til endurnýtingar eða endursölu, þá oft í tengslum við góð málefni. Horfum til þess þegar kemur að því að losa sig við hluti sem ekki er þörf fyrir lengur hjá okkur

Endurvinnsla: Ef ekki eru aðrir möguleikar í stöðunni en

Höskuldur Þorbjarnarson,
umhverfisfulltrúi
Hveragerðis-
bæjar.



að henda hlutum er mikilvægt að koma þeim í réttan farveg. Nánast allt sem við látum frá okkur má endurvinna ef viljinn er fyrir hendi. Oftast er það eina sem við þurfum að gera að setja hlutina hreina í rétt ílát. Þetta á við bæði á heimilum og eins á endurvinnslustöðvum. Það getur hreinlega borgað sig fjárhagslega en eins og komið hefur fram nýlega í fréttum henda Íslendingar sífellt meira af umbúðum í ruslið sem hægt er að fá endurgjald fyrir.

Munum að við getum sjálf gert ótrúlega margt þegar kemur að bættri umgengni við umhverfið og þegar kemur að minnkun sorps þá er það alfarið í okkar höndum, íbúanna, að gera enn betur en nú er gert.

Ný aðstaða tannlæknis í Vík í Mýrdal



Undanfarin ár hefur ekki verið föst aðstaða fyrir tannlækningar í Vík í Mýrdal. Á því hafa orðið breytingar því ný og fullkomin aðstaða til

tannlækninga hefur verið sett upp á Heilsugæslustöðinni í Vík. „Við fórum í samstarf við Theódór Friðjónsson, tannlækni, sem leggur til búað á stöðina og sinnir svo tannlæknaþjónustu á svæðinu,“ segir Helga Þorbergsdóttir, hjúkrunarstjóri á heilsugæslunni í Vík. Aðspurð segir Helga þetta mikinn feng fyrir samfélagið þ.e. að fá þessa þjónustu heim í hérað. Tímappantanir fari fram í gegnum heilsugæslustöðina fyrir þá sem þurfa að nýta sér þjónustuna.

Dagskráin hafði samband

við Theódór og spurði hann út í þjónustuna: „Þetta æxlaðist í raun þannig að ég var þarna í 6-7 ár eftir útskrift. Svo eignaðist ég börn og hafði minni tíma úr að spila, en langaði alltaf að koma aftur. Það kom svo tækifæri til þess og ég sló til. Þjónustan verður þannig að ég verð eina helgi í mánuði þar til eftirspurn eykst, þá verð ég oftar. Fyrir utan stólinn sem er kominn á heilsugæslustöðina, kem ég með allt það nýjasta með mér sem þarf að nota.“

Ef maður vill breytingar þá verður maður að trúa á þær og vera tilbúinn að stíga út úr þægindahringnum

Þorbjörg Gísladóttir tók við starfi sveitarstjóra Mýrdalshrepps eftir kosningarnar á síðasta ári. Hún er viðskiptalögfræðingur að mennt.

Ólst upp þar sem byggðalínan reis á hverjum tíma

Þorbjörg er fædd í Keflavík en ólst upp „hér og þar um landið“, eins og hún segir sjálf, en bjó lengst af sínum uppeldisárum í Þorlákshöfn. Gísli faðir hennar var verkstjóri hjá Rarik og var m.a. einn af þeim sem reistu byggðalínuna. Þorbjörg segir að á sumrin hafi öllu pakkað saman og flutt í skúrana þar sem móðir hennar eld- aði þá ofan í strákana sem voru að vinna með föður hennar. „Með þessu móti fengum við syskinin tækifæri til að kynna landinu okkar og staðhátum á fjölmörgum stöðum. Ég segi stundum þegar ég er spurð, að ég hafi alist upp þar sem byggðalínan reis á hverjum tíma,“ segir Þorbjörg.

Þorbjörg er gift Gísla Wíum lögreglumanni og eiga þau þrjú uppkomin börn, tvö tengdabörn og fjögur barnabörn og það fimmta á leiðinni, allt stelpur. „Við Gísli höfum okkar búskapar ár í Ólafsvík og bjuggum þar til 2009, en þá fluttum við suður. Ég starfaði lengst af við bókhald en eftir að börnin fóru að heiman ákvað ég að láta gamlan draum rætast dreif mig í nám, kláraði stúdentinna í fjarnámi og fór síðan í viðskiptafræði í Háskólanum á Bifröst og útskrifaðist þaðan 2011.“

„Að námi loknu var ég svo heppin að fá starf sem skrifstofu- og mannauðsstjóri hjá nýsköpunarfyrtæki sem heitir Rafnar og sérhæfir sig í hönnun og smíði á nýrri hugmynd að bátskili. Fyrirtækið stækkaði mjög hratt og þarna vann og vinnur frábært fólk sem ég lærði mikið af, ásamt öllum þeim ákorunum sem felast í því að að koma fyrirtæki á köppinn.“

Gaman að takast á við ný verkefni

„Ég hef alltaf verið fyrir áskoranir og finnst gaman að takast á við ný verkefni. Eftir átta ára starf hjá Rafnar fann ég að mig langaði að takast á við eitthvað nýtt og ákvað að láta slag standa. Ég bý yfir barnalegri bjartsýni sem ég fékk í vöggugjöf frá henni mömmu minni. Ef maður vill breytingar þá verður maður að trúa á þær og vera tilbúinn að stíga út úr þægindahringnum. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað ég vildi gera en ég vildi vera óbundin og sjá hvert það leiddi mig. Svo var það einn morguninn yfir kaffibolla, fljótlega eftir kos-

ningar, sem ég sá að þó nokkur sveitarfélög voru að auglýsa eftir sveitarstjóra. Ég sá að þetta væri eitthvað sem gæti átt vel við mig og að menntun mín og starfs-



reynsla væri góður undirbúningur fyrir þetta starf. Ég hef hins vegar enga reynslu af sveitarstjórnarmálum en er ófeimin við að leita ráða, og allt í kringum mig er fólk með reynslu og er tilbúið að leiðbeina.“

Ferðamönnum fylgja miklar áskoranir

Þorbjörg segir að það sé í mörg horn að líta í Mýrdalnum, þar sé mikil gerjun og að fólksfjölgun hafi verið hlutfallslega mest í Mýrdalnum á landsvísi á síðasta ári. „Hingað streyma ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum. Skiptir þá engu máli hvort um vetur eða sumar er að ræða. Þessu fylgja óneitanlega áskoranir. Undanfarin ár hafa menn róið lífróður við að skipuleggja götur og lóðir til að takast á við þetta verkefni,“ segir Þorbjörg.

Metnaðarfull framkvæmdaáætlun lögð fram

Hún segir að á næstu árum geti þau meira snúið sér að uppbyggingu innviða. „Það er ekki langt síðan þessi hreppur átti undir högg að sækja og þá voru ekki til peningar til uppbyggingar. Þannig að verkefni eru mörg. Sveitarstjórn lagði fyrir nokkru fram metnaðarfulla framkvæmdaáætlun fyrir árið 2019. Þar er m.a. gert ráð fyrir að hefja endurbætur á félagsheimilinu Leikskálum og Víkurskóla, fara í endurbætur á íþróttavellinum, vatnsveitu og fráveitu. Stærsta verkefnið er þó að fara í stækkun á Íþróttamiðstöðinni í þeim tilgangi að bjóða Mýrdælum upp á góða aðstöðu til líkamsræktar. Gert er ráð fyrir að bætt verði við tveimur búningsherbergjum og

tækjasal. Þetta stendur þó allt og fellur með því að fá verktaka í vinnu sem hefur ekki verið hlaupið að síðustu misseri.“

Varnargarður og umferðaröryggi

„Vonir okkar standa til þess að í sumar munum við í Vík fá varnargarð sem við höfum verið að berjast fyrir og mun hann þá rísa framundan Víkurkletti. Þetta er gríðarlega stórt mál og skiptir allt samfélagið hér miklu máli bæði í efnahagslegu og öryggislegu tilliti. Umferðaröryggismál í Mýrdalnum hafa líka verið mikið í umræðunni. Við höfum verið að skrifa greinar og funda með ráðamönnum varðandi þessi mál. Við höfum verulega áhyggjur af þróun þessara mála og köllum eftir úrbótum,“ segir Þorbjörg.

Það fer vel um okkur í Víkinni

Þorbjörg var spurð hvernig sé að vera flutt í Mýrdalshrepp. „Það var vel tekið á móti okkur þegar við komum og við fundum vel fyrir því að við værum velkomin. Það er gott að búa í Vík, svo ég noti fleyg orð kollega míns úr Kópavogi. Hér býr annars vegar rótgróið samfélag fólks sem hefur búið hér mann fram af manni, og hins vegar fólk sem hefur heillast af náttúrunni og flutt hingað í leit að tækifærum. Það fer vel um okkur Gísli í Víkinni þó mestur tíminn undanfarna mánuði hafi farið í vinnu. Með hækkandi sól ætlum við að njóta náttúrunnar hér í kring og hlökkum mikið til. Hér er örstutt í allt sem útivistarfólk dreymir um.“

Markmið að komast á sem flest fjöll í kringum mig

Útivist og hreyfing hefur í gegnum tíðina verið helsta áhugamál Þorbjargar. Hún veit fátt skemmtilegra en að fara í gönguferðir í náttúrunni. Hún segir að fjöllin séu alltaf áskorun og nú sé markmiðið að komast á sem flest hér í kringum sig. „Undanfarin ár hef ég bætt hjóltreiddum inn í útivistina. Fram að þessu hef ég helst verið í götuhjóltreiddum en aðstæður hér á svæðinu bjóða frekar upp á utanvegahjóltreiddar sem ég ætla svo sannarlega að nýta mér. Ég var um tíma í hestamennsku en hætti því þegar við fluttum suður. Annars reyni ég að eyða sem mestum tíma með fjölskyldunni þegar tækifærin gefast,“ segir Þorbjörg að lokum.

Viðtal: GPP. Mynd: MHH.

Leikfélag
Hveragerðis



SÝNT Í LEIKHÚSINU AUSTURMÖRK 23

Two into one

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri:

María Sigurðardóttir

5.sýning föstudag 15.febr. **UPPSELT**
6.sýning laugardag 16.febr. **UPPSELT**
7.sýning föstudag 22.febr. Lausir miðar
8.sýning laugardag 23.febr. Lausir miðar
9.sýning föstudag 1.mars **UPPSELT**
10.sýning laugardag 2.mars **UPPSELT**
Allar sýningar byrja kl: 20:00
Miðapantanir í síma 863-8522
Miðaverð kr.3,000-



Aðalfundur deilda

Aðalfundur deilda Umf. Selfoss
árið 2019 verða haldnir í félagsheimilinu
Tíbrá sem hér segir:

Sunddeild

miðvikudag 20. febrúar klukkan 18:15

Júðódeild

miðvikudag 27. febrúar klukkan 18:30

Knattspyrnadeild

þriðjudag 5. mars klukkan 20:00

Frjálsíþróttadeild

fimmtudag 7. mars klukkan 20:00

Fimleikadeild

þriðjudag 19. mars klukkan 20:00

Taekwondodeild

þriðjudag 19. mars klukkan 20:00

Handknattleiksdeild

miðvikudag 20. mars klukkan 20:00

Mótókrossdeild

fimmtudag 21. mars klukkan 20:00

Á dagskrá fundanna eru venjuleg
aðalfundarstörf og önnur mál.

Allir velkomnir, Ungmennafélag Selfoss

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss árið 2019
verður haldinn í félagsheimilinu Tíbrá
fimmtudaginn 4. apríl klukkan 20:00.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum

Uppbyggingarsjóður Suðurlands, sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands, hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi. Markmið sjóðsins er að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi. Veittir eru styrkir til:

- Menningarverkefna til að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna til að styðja við atvinnuskapandi og/eða framleiðniukandi verkefni á Suðurlandi



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

„Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að leggja inn umsókn að hafa samband við ráðgjafa sem starfa á vegum SASS. Þeir aðstoða og veita leiðbeiningar og ráð við gerð umsókna. Best er að hafa samband við okkur í síma eða með því að senda póst á veffangið styrkir@sudurland.is.“

Við hvetjum starfandi fyrirtæki á Suðurlandi sérstaklega til þess að sækja um. Ég leyfi mér að fyllræða að öll eigi þau góða hugmynd sem vert er að sjá hvort ekki geti orðið að veruleika með styrk frá sjóðnum,“ segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS í samtali við Dagskrána. -gpp

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar atvinnuauglýsingarnar sem birtast í Dagskránni fara einnig inn á DFS.is
www.dfs.is/atvinna



G GOES

FJÓRRHJÓLA DAGUR

Laugardaginn 16. febrúar
frá 10:00 - 14:00

Þjóðum **alla** velkomna í verslanir okkar á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum til að skoða og prófa hin einstöku **GOES** fjórhjól.

Komdu og reynsluaktu þessum vinsælu, gæða fjórhjólum! Sölumenn okkar eru í eru í **burrrandi** stuði!

Grillaðar pylsur
og Svali í boðinu!



JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Einfaldaralífis

ER HÆGT AÐ LIFA LENGUR?

Ein mesta ógn við heilsu nútímamannsins er streita. Þetta eru óvæntar fréttir en ættu svo sem ekki að koma á óvart, er það? Með hraðanum, tækninni og þéttri dagskrá höfum við minni tíma aflögu en áður til þess að gera hluti sem hafa góð áhrif á heilsuna okkar. Sífellt fleiri einstaklingar þurfa að fara í veikindafri vegna streitu og fólks nær ekki að njóta lífsins til fulls. Ég þekki hraðann af eigin raun og stóð frammi fyrir vali einn daginn. Ætlaði ég að fylgja hjartanu eða dragast enn þá meira inn í hraða hversdagsins og gleyma því að sinna fólkinu í lífi mínu, draumum mínum, áhugamálum o.s.frv.

Af hverju erum við of upptekin? Stundum raðast dagskráin þannig að það er mikið að gera. Við hjónin erum með fimm börn á heimilinu og þeim fylgir þétt dagskrá. Þau þurfa að mæta í hitt og þetta, sinna heimanámi ásamt mörgu öðru. Ef við ættum alltaf að segja já við öllu sem þau geta tekið þátt í þá myndum við ekki gera neitt annað. Það sama á við dagskrá okkar foreldranna. Ef við myndum leyfa það þá gæti vinnan okkar tekið allan okkar tíma. Við erum síteind og getum nálgast tölvupóstin okkar hvar sem við erum og við getum notað samfélagsmiðla hvar sem við erum. Við þurfum að læra að segja nei við því sem hefur minna vægi og hefur tilhneigingu til að búa til meiri streitu og já við því sem við vitum að hefur góð áhrif á okkar andlegu heilsu.

Fyrir nokkru las ég frábærar bækur eftir Dan Buettner. Þessar bækur heita The Blue Zones og The Blue Zones of happiness. Bækurnar má til dæmis nálgast á Storytel í hljóðbókaformi á ensku. Margra ára rannsóknir á vegum National Geographic og blaðamannsins Dan Buettner, hafa sýnt fram á að í heiminum eru 5 svæði (svokölluð blá svæði) sem hafa að geyma vísbendingar um það hvernig hægt er að lifa lengra og betra lífi.

Rannsóknir hafa sýnt að það eru nokkur atriði sem einkenna lífsstíl þessara hópa. Hér á eftir koma nokkur dæmi: **1. Það hreyfir sig:** Við erum

ekki að tala um lyftingar og maraþon heldur stöður lífsstíll þeirra hreyfingu t.d. með því að ganga mikið.

2. Það hefur tilgang: Það hefur eitthvað að stefna að og hefur ástæðu til að vakna á morgnana.

3. Það dregur sig í hlé (af-stressnar sig): T.d. með bæn. Virðir hvíldardag og leggur sig jafnvel yfir miðjan daginn.

4. Það heldur 80% regluna: Þau hætta að borða áður en þau verða pakksödd og borða minna eftir því sem líður á daginn. **5. Það borðar plöntumiðaða fæðu.** Kjöt einstaka sinnum en mikið af grænmeti.

6. Það tilheyrir trúarsamfélagi: Samkvæmt rannsóknnum getur það að sækja trúarsamfélag 4x í mánuði lengt lífið að meðaltali um 4-14 ár.

7. Það setur fjölskylduna sína í fyrirrúm: Það sinnir maka sínum, börnunum og ættingjum vel. Börn umgangast eldra fólk og eldra fólk umgangast börn.

8. Það á nána vini: Vini sem það getur opnað hjarta sitt fyrir og hittir þá reglulega. Þetta fólk upplifir minni streitu en við. Það er af því að það gefur sér tíma til þess að gera jákvæða hluti sem hlaða heilsuna og hafa góð áhrif á andlega líðan. Staðreyndin er sú að við þurfum að læra að segja já við því sem hefur jákvæð áhrif á líf okkar og nei við því sem hefur það ekki.

Stundum er hreinlega best að gefa sér tíma til að drekka kaffibolla með góðri vinkonu eða góðum vini.

Ég á mér skýrt markmið um að halda áfram að einfalda mitt líf og hjálpa öðrum að gera slíkt hið sama. Á heimasíðunni minni www.einfaldaralif.is getur þú nálgast hefti sem ég bjó til sem kallast TÍU TÍU. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá nafn og netfang og þú færð heftið sent í tölvupósti. Í þessu hefti færðu tíu verkefni sem leiða þig í átt að einfaldara lífi. Það er betra að taka eitt lítið skref en mörg stór og gefast of fljótt upp.

Einfaldara líf = Streitu-minna líf = jákvæðara líf.

Heilsukeðja, Gunna Stella, IIN heilsuamarkþjálfari.



Einfaldara líf



Ný skólahverfi á Selfossi

Í tengslum við undirbúning að byggingu og stofnun nýs skóla í Björkurstykki var ákveðið að endurskoða skólahverfin á Selfossi. Það hefur nú verið gert eftir greiningarvinnu verkfræðistofunnar VSÓ. Fyrst í stað fara þau börn sem tilheyra nýja skólanum og innritast í grunnskóla skólaárið 2019-2020 í Vallaskóla. Gert er ráð fyrir að nemendur í dreifbýli sækji nýja skólann í framtíðinni. Þá er reiknað með að nemendur yngstu bekkjanna færist svo í nýjan skóla árið 2021 en það verður kynnt betur síðar. Meðfylgjandi mynd og yfirlit sýna vel skólahverfin þrjú.

Vallaskóli

Hverfi Vallaskóla afmarkast af:

- Öllum svæðum norðan Fossvegur (norðan Móavegar), Fossheiðar, Grashaga, Háengis, Álfarima og Langhólts

Allar götur innan hverfis: Austurmýri, Austurvegur, Álfarimi, Árbakki, Árbæjarvegur vestri, Ártún, Árvegur, Bankavegur, Birkigrund, Birkivellir, Bæjartröð, Engjavegur, Eyrarbakkevegur, Eyravegur, Fagrármýri, Fagurgerði, Fossheiði, Fossnes, Fosstún, Fossvegur, Furugrund, Grashagi, Grenigrund, Grænamörk, Grænuvellir, Hafnartún, Háengi, Heiðarvegur, Heiðmörk, Hellismýri, Hellisskógur, Hellubakki, Hjarðarholt, Hlaðavellir, Hrísholt, Hrísmýri, Hörðuvellir, Jaðar, Jórutún, Kirkjuvegur, Kringlumýri, Langamýri, Langholt, Larsenstræti, Laugardælavegur, Laxabakki, Lyngheiði, Lækjarbakki, Mánavegur, Merkiland, Miðtún, Norðurtröð, Rauðholt, Reynivellir, Réttarholt, Selfossbæir, Selfossvegur, Seljavegur, Sigtún, Skólavellir, Sléttuvegur, Smáratún, Sóltún, Sólvellir, Stekkholt, Suðurlandsvegur, Suðurtröð, Sunnuvegur, Tryggvagata, Tröð, Tunguvegur, Vallartröð, Vallholt, Víðivellir, Þoristún og Þórsmörk.

Sunnulækjarskóli

Hverfi Sunnulækjarskóla afmarkast af:

- Háengi, Álfarima og Langholti í norðri
- Starengi, Dælengi, Lágengi, Norðurhólum, Álfhólum, Dverghólum og Tröllhólum í vestri
- Suðurhólum í suðri
- Austurhólum í austri

Allar götur innan hverfis: Aðaltjörn, Akraland, Álfhólar, Álfarimi, Ástjörn, Bakkatjörn, Baugstjörn, Dverghólar, Dælengi, Erlurimi, Fagrahella, Fífutjörn, Fólaldahólar, Gauksrimi, Gráhellu, Grundartjörn, Háengi, Hólatjörn, Hrafnhólar, Hraunhella, Hrauntjörn, Kálfhólar, Langholt, Lágengi, Lóurimi, Miðengi, Móhella, Mólund, Mýrarland, Nauthólar, Norðurhólar, Seftjörn, Seljaland, Sílatjörn, Smáraland, Snæland, Spóarimi, Starengi, Stekkjarland, Suðurengi, Suðurhólar, Tjaldhólar, Tryggvagata (fyrir neðan Norðurhóla), Tröllhólar, Urðartjörn, Vallarland, Vörðuland og Þrastarimi.


Nýr skóli í Björkurstykki

(nemendur sækja Vallaskóla fyrst í stað)

Hverfi nýs skóla afmarkast af:

- Fossheiði og Grashaga í norðri
- Kjarrmóa, Starmóa, Bleikjulæk, Eyrarlæk og Laxalæk í vestri
- Suðurhólum í suðri
- Kjarrhólum, Grafhólum, Birkihólum, Lambhaga, Laufhaga og Reyrhaga í austri

Allar götur innan hverfis: Akurhólar, Álalækur, Berghólar, Birkihólar, Bleikjulækur, Dranghólar, Eyrarbakkevegur, Eyrarlækur, Eyravegur, Fífumói, Flugvöllur, Fossheiði, Fossvegur, Gagnheiði, Grafhólar, Grashagi, Hagalækur, Heimahagi, Hellishólar, Hraunhólar, Kerhólar, Kjarrhólar, Kjarrmói, Lambhagi, Laufhagi, Laxalækur, Lágheiði, Lyngmói, Melhólar, Móavegur, Nauthagi, Norðurhólar, Reyrhagi, Starmói, Suðurhólar, Tjarnarmói, Urðarmói, Úthagi og Vesturhólar.



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:30, kynning fyrir nýliða
kl. 20:00, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin

Batasetur Suðurlands
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND


KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TUNGUMÁL

Spænskumælandi
Talir þú reiprennandi spænsku,
þá hef ég verkefni handa þér.
Uppl. í síma 483 3568.

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FUNDIR

Vöflukaffi

Fjórtándi vöflukaffi
vetrar verður
haldið næsta
föstudag 15.
feb. að Eyra-
vegi 15 á 2.
hæð milli kl.
16 og 18. Gestur okkar verður
Jón Bernóðsson verk-
fræðingur hjá Samgöngu-
stofu. Hann fjallar um sam-
starf Skinney-Pinganness og
Samgöngustofu á fram-
leiðslu og nýtingu á Repju-
olíu, sem gæti m.a. notast
til að keyra íslenska fiski-
skipafloðann.



HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Áttund

Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand. mag. í fjbróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

ATVINNA

Faglærður málari
óskar eftir verkefnum
Sparsla, grunna, mála. Fag-
lærður málari óskar eftir verk-
efni á Suðurlandi. Uppl. í síma
777 6466.

BÖRN

Laust pláss hjá
dagforeldrum
Vantar þig pláss hjá dagfor-
eldrum? Sendu okkur línu fyrir
nánari upplýsingar fanneysig-
marsdottir@gmail.com eða
karitasospsig@gmail.com.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 17. febrú-
ar kl. 11:00, sunnudagaskóli á
sama tíma og súpa og brauð
eftir athöfn. Kvöldmessa kl.
20:00, Kór Menntaskólans á
Laugarvatni syngur.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamkoma laugardag 16.
febrúar kl. 11:00. Umsjón hefur
Bergþóra Ragnarsdóttir.
Messa sunnudag 17. febrúar
kl. 11:00. Sr. Egill Hallgrímsson,
sóknarprestur annast prests-
þjónustuna. Organisti er Jón
Bjarnason.

Mosfellskirkja, Grímsnesi

Guðspjónusta sunnudag 17.
febrúar kl. 14:00. Sr. Egill Hall-
grímsson, sóknarprestur ann-
ast prestsþjónustuna. Org-
anisti er Jón Bjarnason. Allir
eru velkomnir.

Ásólfsskálakirkja undir
Eyjafjöllum

Guðspjónusta verður í Ásólfss-
skálakirkju nk. sunnudag, 17.
febrúar kl. 16:00. Organisti er
Guðjón Halldór Óskarsson.
Söng leiða félagar úr kirkjukór
Eyfellinga.

Stokkseyrarkirkja

Sunnudagur 17. febrúar.
Messa. kl. 11:00. Kór kirkjunnar
leiðir söng. Organisti Haukur
Arnarr Gíslason. Prestur sr.
Arnaldur A. Bárðarson.

Kvöldmessa í Selfosskirkju

Kvöldmessa verður í Selfoss-
kirkju sunnudaginn 17. febrúar
kl. 20:00. Kór Menntaskólans
á Laugarvatni syngur undir
stjórn Eyrúnar Jónasdóttur.
Kórinn og kórstjóri hans hlutu
núna nýverið Menntaverðlaun
Suðurlands. Kórinn mun flytja
fjölbreytt lög og Guðbjörg
Arnardóttir hefur umsjón með
messunni.



»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingapakka
í blaðið og á vefinn!



Sími 482 1944
dfs@dfs.is



VR PÍPULAGNIR

Gunnar Valgeir Reynisson
Pípulagningameistari
Skráður hjá Mannvirkjastofnun

Nýlagnir
Efnissala
Öll almenn lagnarvinna



898 1598

vrsumarhus@gmail.com

f VR - Pípulagnir og sumarhúsaþjónusta

Lagnarþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



RISA
PRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR



prentmet
HRADI • GÆÐI • ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Góður fundur í Hveragerði um veggjöld



Rafhlóklúbburinn Skjald-bókurnar stóð fyrir opnum fundi í Hveragerði um veggjöld 7. febrúar sl. Fundurinn var ágætlega sóttur og fróðlegur um margt. Á pallborði voru Jón Gunnarsson, Vilhjálmur Árnason og Oddný G. Harðardóttir. Hanna Katrín Friðriksson ætlaði að koma en boðaði forföll á síðustu stundu. Allt eru þetta alþingismenn og Jón kjörinn þennan dag formaður umhverfis- og samgöngunefndar. Einnig var við pallborðið Eyþór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Hveragerðis.

Rætt var vítt og breitt um veggjöld, stöðu samgangna á landinu og leiðir til úrbóta. Jón og Vilhjálmur voru og eru talsmenn veggjalda en þau Eygló

og Eyþór vilja fara aðrar leiðir og velti Eyþór m.a. því fyrir sér hvort menn væru ekki komnir að þölmörkum varðandi skattheimtu?

Fram kom á fundinum að mörg dæmi séu til um skatta sem settir hefðu verið á tímabundið en áratugum seinna væru þeir enn til staðar þó þeir kallist annað og var þar nefndur söluskattur sem breyttist í virðisaukaskatt og hafði á 70 ára tímabili farið úr 2% í 24,5% þegar hæst var. Var yfirferð Garðars Hannessonar, 84 ára Hvergerðings, ákaflega fróðlegt.

Segja má að niðurstaða fundarins hafi verið að ákaflega brýnt sé að ráðast í miklar úrbætur á samgöngumálum

á öllum stigum, en ljóst var að fundarmenn voru ekki sammála um hvert sækja ætti það fjármagn. Mikil gagnrýni kom fram frá fundarmönnum að þinginu skyldi ekki hafa tekist að koma á komugjöldum, sem m.a. hefði verið hægt að nota til þessara verka. Nokkuð var rætt um nýorkubíla og kom þar fram að beðið væri eftir að þeim fjölgi meira svo hægt væri að taka ákvörðun um hverjar álögur á þeim yrðu. Í dag væri hvati fyrir fólk að breyta yfir í nýorkubíla vegna lágra gjalda.

Fundi lauk skömmu fyrir kl. 22 og var það mál manna að fundurinn hafi verið gagnlegur en nauðsynlegt sé að frekari umræða fari fram um svo miklar breytingar sem veggjöld eru.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

UN WOMEN ISLENSK LANDSNEFND

FOKK OFBELDI

Lýsum upp myrkrið

Nýja Fokk ofbeldi höfan 2019 fæst á www.unwomen.is og í verslunum Vodafone



Dansað gegn kynbundnu ofbeldi

Í árlega dansbylting gegn kynbundnu ofbeldi – Milljarður rís – fer fram í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi fimmtudaginn 14. febrúar nk. kl. 12:15–13:00 og er það í fyrsta sinn sem þessi viðburður er haldinn á Selfossi. Milljarður rís er viðburður sem haldinn er víða um heim þar sem rúmur milljarður fólks dansar fyrir heimi þar sem allir fá að njóta sömu tækifæra án ótta við ofbeldi.

Í tilkynningu segir að það sé ómurleg staðreynd að konur um

allan heim þurfi að þola óþolandi ofbeldi. Við mjökumst þó hægt og rólega í rétta átt og það verði ljósara með hverjum deginum að ofbeldi í garð kvenna verði ekki lengur liðið.

Allir eru hvattir til að næla sér í nýju FO-húfuna fyrir viðburðinn en hún fæst m.a. í verslunum Vodafone. Ekki missa af stærstu dansveislu heims – mætum og gefum ofbeldi fingurinn enn einu sinni! Munið myllumerkið #milljarður.



Ertu með frábæra hugmynd?

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

**Vinnustofa fyrir áhugasama verður haldin í Fjölheimum á Selfossi
mánudaginn 18. febrúar kl 18.00**

Á vinnustofunni verður farið yfir gerð umsókna og mótun verkefna. Þátttakendur geta haft með sér fartölvur og unnið í eigin umsókn.



Uppbyggingarsjóður styrkir menningar starfsemi og listsköpun á Suðurlandi
Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 5. mars 2019



STYRKIR@SASS.IS



WWW.SASS.IS



S. 480-8200

Uppbyggingarsjóður er hluti af



Ylja á Hendur í höfn

Fyrstu tónleikarnir á nýju ári á Hendur í höfn í Þorlákshöfn verða föstudaginn 22. febrúar nk. og er það hljómsveitin Ylja sem kemur fram, en hún gaf einmitt út nýja plötu undir lok síðasta árs. Sú plata inniheldur íslensk þjóðlög og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Þær Bjarrey og Gígja, sem skipa hljómsveitina, hafa áður gefið út bæði popp- og rokk-lög auk þess sem þær hafa gaman af því að syngja lög eftir aðra. Þær byrjuðu að starfa saman árið 2008 eftir að hafa sungið saman í kór Flensborgarskólans þar sem þær fundu sameiginlega ástríðu fyrir að syngja í röddum og spila á gítar og ákváðu í kjölfarið að fara að búa til tónlist saman. Þessar ungu listakonur eru miklar og góðar fyrirmyndir fyrir ungar stelpur og stráka sem langar að



Gígja og Bjarrey skipa hljómsveitina Ylju.

syngja og spila á hljóðfæri svo það er um að gera að taka með sér áhugasamt ungt tónlistarfólk á þessa tónleika.

Miðasalan er hafin á tix.is og borðapantanir eru á hendurihofn@hendurihofn.is.

Félagsheimilið Árnes

hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og viðburði. Húsið rúmar 360 manns í þremur söllum. Fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni, sundlaug og heitum potti. Góð aðstaða er fyrir útiþróttir og leiktæki fyrir börn.

Nánari upplýsingar

Kristjana - 486 6100 - kidda@skeidgnup.is
Ari - 893 4426 - ari@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is



HREINGERNINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar

Steintéppabreinsun, téppabreinsun, bön, gluggabreinsun o.fl.

Símar 483 3827 og 897 8444

Þreint um allt Suðurland



KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSI - WWW.FROSTMARK.IS



• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápavíðgerðir • Almennar raflagnir



Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is



veislur & veitingar
opið alla daga

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is



Gunni s: 895-9054 - Maggi s: 852-7577

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

Josera.
super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá
BYKO Selfossi



VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurpionusta
Betri vörur - betra verð

Bilamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN

SB SKILTAGERÐ

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is



- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur


Sími 772 6010

SPEKT Bókhaldsþjónusta Skattaráðgjöf

Reykjavík / Þorlákshöfn

Sími 587 7600 / 860 9900

spekt@spekt.is



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 1. mars

Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is

Ökuskóli Suðurlands - Eyravegi 55, Selfossi - www.okuskoli.is